

AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbærar
á tillögum að breyttu deiliskipulagi.**

Bakkabraut 1-23, Nesvör 1 og Vesturvör 29, 31 og 33. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 24. október 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bakkabraut 1-23, Nesvör 1 og Vesturvör 29, 31 og 33. Í breytingunni felst að koma fyrir um 129 nýjum íbúðum á svæðinu, endurnýja hluta eldra athafnahúsnæðis og reisa nýtt húsnæði fyrir verslun og þjónustu. Gert er ráð fyrir að núverandi athafnahúsnæði við Bakkabraut 9 verði rifið. Heildarbyggingarmagn á svæði 8 verður eftir breytingu um 25.000 m² þar af um 11.000 m² í verslun, þjónustu og athafnahúsnæði.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarbraut 2-10 og Kársnesbraut 108-114. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 14. nóvember 2017 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Hafnarbraut 2-10 og Kársnesbraut 108-114.

Í tillögunni felst að núverandi byggingar að Hafnarbraut 4, 6, 8 og 10 verða rifnar og nýtt fjögurra hæða íbúðarhúsnæði með kjallara byggt í þeirra stað. Á lóðinni Hafnarbraut 2 verða að hámarki 4 íbúðir. Á lóðinni Hafnarbraut 4-8 verða að hámarki 38 íbúðir og áætlað nýtingarhlutfall 1,97 (2,46 með kjallara) og 1,3 bílastæði á íbúð. Á lóð Hafnarbrautar 10 eru ráðgerðar 40 íbúðir og áætlað nýtingarhlutfall 1,83 (2,28 með kjallara) og 1,3 bílastæðum á íbúð.

Á lóðunum Kársnesbraut 108-114 er í tillögunni gert ráð fyrir að byggja eina íbúðarhæð ofan á núverandi atvinnuhúsnæði með samtals 20 íbúðum.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogsbraut 75. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 14. nóvember 2017 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Kópavogsbraut 75.

Í breytingunni felst heimild til að rífa einbýlishús á lóðinni byggt árið 1953 ásamt bílskúr byggðum árið 1977 samtals 112,7 m² að flatarmáli og byggja á lóðinni fjögurra íbúða hús á tveimur hæðum auk kjallara og með tveimur innbyggðum bílskúrum. Samanlagður gólfhlötur er áætlaður liðlega 750 m² og nýtingarhlutfall 0,8. Hámarkshæð miðað við aðkomuhæð er áætluð 6,2 m. Miðað er við tvö bílastæði á íbúð innan lóðar.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 17. janúar 2018.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.